



Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. júlí 2021

Efni: *BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um kostnað Reykjavíkurborgar vegna rafræns greiðslukerfis Strætó bs. og borgarlínu - R21070050*

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um kostnað Reykjavíkurborgar vegna rafræns greiðslukerfis Strætó bs. - R21070050

Í fundargerð Strætó bs. frá því 15. mars 2019 er fjallað um rafrænt greiðslukerfi þar sem gert er ráð fyrir að heildarfjárfestingin nemi allt að 300 m.kr. Inni á heimasíðu Græna plansins sem er á vegum Reykjavíkurborgar kemur fram að fjárfesting vegna greiðslukerfis og uppfærslu í upplýsingatækni nemi 320 m.kr. Þar er fjallað um fjárfestinguna og það kemur fram að Strætó stefni á að taka upp nýtt rafrænt greiðslukerfi. Fyrirmynd nýja greiðslukerfisins sé þekkt um allan heim, þar sem kort eða farsími er settur upp við skanna þegar fargjaldið er greitt í vagninum. Þar, þ.e.a.s. á heimasíðu Græna plansins kemur fram að nýja greiðslukerfið muni veita aðgang í Strætó á höfuðborgarsvæðinu og Borgarlínu og að áætlanir séu um að kerfið veiti aðgang að fleiri vistvænum samgöngumátum eins og hjólaleigum og deilibílum. Eru þessar 320 m.kr. sá hluti sem Reykjavíkurborg mun greiða í nýtt rafrænt greiðslukerfi Strætó bs.? Koma hin sveitarfélögin að greiðslu nýja rafræna greiðslukerfisins og hvernig skiptist kostnaðurinn þá niður á sveitarfélögin? Nær fjárfesting upp á 320 m.kr. undir liðnum greiðslukerfi og uppfærsla í upplýsingatækni yfir fleiri þætti

en fjárfestingu í nýju rafræna greiðslukerfi sem er hugsað fyrir strætó og Borgarlínu?

Strætó er fjármagnað með framlögum frá eigendum, ríki, sértekjum og síðan tekjum frá farþegum. Fjárfesting í rafrænu greiðslukerfi er fjármögnuð úr rekstri Strætó. Heildarfjárfesting í fyrsta áfanga er um 320 m.kr. Allir eigendur Strætó greiða framlag til Strætó sem byggir á íbúafjölda og á akstri annarra leiða en stofnleiða innan hvers sveitarfélags. Fjárfestingin upp á 320 m.kr. er eingöngu vegna rafræns greiðslukerfis og er rafræna greiðslukerfið hugsað bæði fyrir „strætó“ og „borgarlínu“. Næstu skref er innleiða snertilausar greiðslur (EMV) svo sem greiðslukort, „apple pay“ „samsung pay“ o.s.frv. Kerfið er opið þannig að hægt er að nýta það til að greiða fyrir aðra þjónustu svo sem sund, inn á listasöfn, deilibíla, hjólaleigur o.fl. Eignarhlutur Reykjavíkurborgar skv. stofnsamkomulagi er um 64% í Strætó bs. En það kemur ekkert sérstakt framlag frá eigendum Strætó vegna rafræns greiðslukerfis heldur er fjárfestingin fjármögnuð af Strætó eins og kom fram hér að ofan.

Virðingarfyllt,
Jóhannes Rúnarsson
Framkvæmdastjóri